



SAGA

TÍMARIT SÖGUFÉLAGS

Leiðbeiningar fyrir höfunda greina, viðhorfa og sjónrýni

[Vinsamlega athugið sérstakar leiðbeiningar fyrir höfunda itardóma, ritdóma og ritfregna]

Almennt um frágang

Handrit á rafrænu formi skal senda beint til ritstjóra. Allar blaðsíður skulu tölusettar og texti með að minnsta kosti 3 sm spássíu, 12 punkta letri og tvöföldu línubili. Heiti greinar, nafn höfundar, heimilisfang, símanúmer og netfang komi fram á fyrstu síðu, ásamt orðafjölda (að meðtöldum neðanmálgreinum). Einnig fylgi með *upplýsingar um höfund* þar sem fram komi fæðingarár hans, síðasta prófgráða og núverandi starf. Netföng ritstjóra eru: ehh@hi.is (Erla Hulda Halldórsdóttir) og vilhelmv@hi.is (Vilhelm Vilhelmsson).

Greinum skal fylgja með *efniskynning* (150-200 orð) sem birt verður fremst og *útdráttur* (um 400 orð) sem birtur verður á ensku (*abstract*) í lok greinar. Ritstjórar sjá um að snúa textanum á ensku ef þess er óskað. Texti sem skilað er á ensku er yfirfarinn af þýðanda fyrir birtingu. Útdráttur verður einnig birtur á vefsíðu Sögufélags (www.sogufelag.is), bæði á íslensku og ensku.

Vilji höfundur færa stofnunum, samtökum eða einstaklingum *þakkir* fyrir veitta aðstoð, skal það gert á undan fyrstu neðanmálgrein. Ef greinin byggist að einhverju leyti á fyrirlestri eða námsritgerð, svo dæmi sé tekið, skal þess einnig getið á þessum stað.

Töflur og *skýringarmyndir* skulu tölusettar í þeirri röð sem þær birtast í greininni. Efst í þeim komi lýsandi titill en heimildir og skýringar neðst. Þær má einnig senda í sérstöku skjali, en höfundur merki þá í textanum hvar þær eiga að vera.

Höfundur skal aðstoða ritstjóra við að *útvega myndir* sem eiga að birtast með greininni og semja *myndatexta* í samvinnu við þá.

Saga er ritrýnt tímarit.

Þess er ætíð gætt að fræðimenn með sérþekkingu á efni þeirra greina og lengri viðhorfa sem ritinu berast lesi þær yfir. Á grundvelli álits þeirra ákveða ritstjórar hvort viðkomandi texti verður birtur. Höfundar fá þá í hendur umsögn ritrýna og ritstjóra. Stundum er birting samþykkt með fyrirvara um að höfundur geri umtalsverðar breytingar á handriti sínu. Sjá einnig sérstakar leiðbeiningar fyrir ritrýna.

Breytingar í umbroti eru kostnaðarsamar.

Eftir að höfundur hefur skilað endanlegri gerð af handriti er það lesið yfir af málfars- og prófarkalesara Sögu. Að því búnu fer það í umbrot. Höfundur fær *eina próförk til yfirlestrar*. Honum er *ekki* gefinn kostur á að breyta texta í próförk nema um minniháttar leiðréttingar á villum sé að ræða. Þess vegna er mikilvægt að lögð sé mikil alúð við lokagerð handrits. Óski höfundur hins vegar eftir því að gera breytingar á

umbrotnum texta umfram það sem hér hefur verið lýst, þá ber hann allan kostnað af því sjálfur. Slíkar breytingar eru þó aðeins mögulegar að ekki hljótist af því tafir á vinnsluferlinu.

Nokkrar ritreglur

Greinar í *Sögu* skulu ritaðar samkvæmt opinberri greinarmerkja- og stafsetningu hverju sinni. Höfundum ber að íslenska tökuorð eftir föngum (rita t.d. *rókokkó* eða *rókókó* en ekki *rococo* eða *rokoko*) og nota íslenskar endingar þar sem því verður við komið (t.d. á erlendum karlmannsnöfnum: *sögur Walters Scotts* o.s.frv.).

1. Tölur í bókstöfum eða með tölustöfum:

- Tölur frá einum og upp í tíu skulu skrifaðar með bókstöfum en hærri tölur að jafnaði með tölustöfum.

Dæmi: Hann bjó á Ísafirði í níu ár. Garðrækt fór vaxandi á fjórða áratugnum.

Hins vegar skal rita: Björn varð að greiða 4–5 þúsund kr. fyrir aflann.

- Punktur er notaður til að greina að þúsundir og milljónir en komma til að tákna tugabrot.

Dæmi: Mannfjöldi á Íslandi árið 1901 var 78.470 og bjuggu þá 18,3% landsmanna í þéttbýli.

- Ekki skal stytta ártöl eða blaðsíðutöl

Dæmi: „á árunum 1939–1945“ (ekki 1939–45) og „bls. 123–147“ (ekki 123–47).

- Mælt er með að konunganúmer séu rituð með rómverskum tölum (t.d. Kristján IX, Lúðvík XIV).

- Aldir skal rita með bókstöfum: tólfta öld, sextánda öld, tuttugasta öld o.s.frv. Árhundruð skal aftur á móti rita í tölustöfum, 1200, 1600, 1900 (í stað tólftuhundruð, sextánhundruð, níttíuhundruð).

2. **Skammstafanir** skal nota sparlega og rita frekar orðin til fulls ef svo ber undir. Í skammstöfunum eru punktarnir jafnmargir skammstöfuðu orðunum: o.s.frv., kr., þ.á m., þ.e.a.s. Á eftir skammstöfunum í metrakerfinu er ekki settur punktur: kg, m, dl o.s.frv. Ekki fer vel á því að byrja setningu með skammstöfun.

3. **Greina skal á milli tengistrika (bandstrika) (-) , hálfstrika (–) og þankastrika (—).**

Tengistrik (bandstrik) er notað til að sýna skiptingu orða á milli lína og til að tengja samsett orð og örnefni: Brennu-Njáll, Litlu-Reykir. Tengistrik er einnig notað í stað fyrri eða síðari liðar í samsettum orðum til að forðast endurtekningu: inn- og útborganir, norður- og austuramt.

Hálfstrik (n-strik) í tölvusetningu er notað í stað forsetningarinnar til milli talna og þá án stafbils.

- Ráðstefnan var haldin dagana 24.–25. nóvember 1962.
- Þessir atburðir gerðust í heimsstyrjöldinni síðari 1939–1945.

- Á bls. 125–132 fjallar höfundur um mannanöfn.

Pankastrik (m-strik) er notað til að afmarka andstæður, óvænt atriði, snögg umskipti í frásögninni, innskot eða viðauka sem menn vilja sérstaka áherslu á – eða eitthvað því um líkt – og er það þá skilið frá texta með einu stafbili. Dæmi:

- Í Háskóla Íslands – og hvergi nema þar – er kennd bókasafnsfræði.
- Mér féll vel við alla nemendur mína – nema einn.

4. Beinar tilvitnanir skulu vera innan tilvitnunarkerkja ef þær eru stuttar (3–4 línur) en lengri tilvitnanir skulu vera örlítið inndregnar, með sömu leturgerð og leturstærð og megintexti og án tilvitnunarkerkja. Gæta skal þess vandlega að nota fullgild íslensk tilvitnunarkerki („“). Tilvísunarnúmer eru ávallt sett aftan við tilvitnanir. Ekki skal hafa línubil á milli inndreginnar tilvitnunar og megintexta. Úrfellingu skal tákna með þrem punktum. Þegar tilvitnun byrjar inni í málsgrein er ritaður lítill stafur í upphafi og því er óþarft að hafa úrfellingarkerki. Hins vegar er úrfellingamerki haft ef sleppt er úr orðum fram að næsta punkti. Dæmi um beina inndregna tilvitnun:

- En þeir gátu þó stillt svo til, að hann varð ekki áskynja um, af hverjum völdum lekinn var. Fyrir þenna grikk ... tóku þeir þenna lymska skólabróður sinn, með vitund allra pilta, og afhýddu hann, án þess nokkur vissi utan skóla. Þess konar ráðning hét *snorri* ...⁷

5. Orðrétt og stafrétt tilvitnun – prentað efni og óprentað. Tilvitnanir í prentaða texta eru orðréttar og stafréttar, einnig þegar um er að ræða forna texta nema annað sé ákveðið í samráði við ritstjóra. Hvað beinar tilvitnanir í óprentuð handrit varðar (s.s. sendibréf, dagbækur, minnisbækur, dómabækur o.s.frv.) er meginreglan sú að tilvitnun skuli vera orðrétt og stafrétt. Ákvörðun um annað er tekin í samráði við ritstjóra.

Saga notar samsetta heimilda- og tilvísanaskrá neðanmáls.

- Tilvísanir* skulu tölusettar með arabískum tölum í hlaupandi röð. Leitast skal við að staðsetja tilvísunarnúmer í lok setningar. Farið er með athugasemdir og skýringar utan megintexta á sama hátt og tilvísanir og þar af leiðandi eru engar aftanmálsgreinar. Viðaukar (t.d. töfluviðaukar eða lengri greinargerðir um heimildir eða aðferðir) eru heimilir ef nauðsyn þykir.
- Í fyrsta sinn sem heimild er nefnd, er hún skráð með fullum bókfræðilegum upplýsingum. Titill prentaðra rita er *skáletraður* en titill tímaritsgreina er í gæsalöppum. Skal getið höfundar, titils, útgáfustaðar og útgáfuárs. Óþarfi er þó að geta um undirtitil í heitum þekkra innlendra tímarita, eins og *Sögu* (þar má sleppa undirtitlinum *Tímarit Sögufélags*)
- Í næsta skipti sem heimild er nefnd, kemur fram höfundur, stytur titill (grein eða bókarheiti) og blaðsíðutal. Ef ekki er um höfundarverk að ræða, þá aðeins heiti verks og blaðsíðutal.
- Geta skal ritraða ef bókin er í ritröð ásamt ritstjóra. Ekki er þörf á að nefna ritstjóra tímarita.
- Þegar vísað er til blaðagreina sem skrifaðar eru undir höfundarnafni skal þess getið, og heimildin sett fram sem grein. Séu greinar án höfundar og titils, þá skal aðeins vísað til viðkomandi blaðs ásamt dagsetningu og blaðsíðutali.

Nokkur sýnidæmi með vísunum í prentaðar heimildir (álitamál sem kunna að koma upp varðandi vísun til heimilda eru leyst í samræði við ritstjóra):

Bergsteinn Jónsson, „Landsbankafarganið 1909“, *Landshagir. Þættir úr íslenskri atvinnusögu, gefnir út í tilefni af 100 ára afmæli Landsbanka Íslands*. Ritstj. Heimir Þorleifsson (Reykjavík: Landsbanki Íslands 1986), bls. 55–77.

Stytt: Bergsteinn Jónsson, „Landsbankafarganið 1909“, bls. 88.

DI. *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn II, 1253–1350*. Útg. Jón Þorkelsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1893), bls. 373.

Stytt: DI II, bls. 373.

Jón Pálsson, *Austantóruur II*. Útg. Guðni Jónsson (Reykjavík: Vikingsútgáfan 1945–1946, 1952), bls. 33.

Stytt: Jón Pálsson, *Austantóruur II*, bls. 18.

Sigfús Einarsson, „Tónlist 1930“, *Vísir* 17. desember 1927, bls. 2.

Stytt: Sigfús Einarsson, „Tónlist 1930“, bls. 2.

Jörn Rüsen, *Lifandi saga. Framsetning og hlutverk sögulegrar þekkingar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 34. Þýð. Gunnar Karlsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 1994), bls. 40.

Stytt: Jörn Rüsen, *Lifandi saga*, bls. 22.

Lúðvík Kristjánsson, „Misklið milli vina“, *Saga XXX* (1992), bls. 197–220, einkum bls. 200.

Stytt: Lúðvík Kristjánsson, „Misklið milli vina“, bls. 215.

Inga Lára Lárusdóttir, „Svar frú Sigurlaugar Knudsen“, 19. júní 10:10 (október 1927), d. 111–114.

Stytt: Inga lára Lárusdóttir, „Svar frú Sigurlaugar Knudsen“, d. 111.

Útfararminning Madömu Ragnheiðar Jónsdóttur að Móeiðarhvoli og Æfisögur Conrectors Helga Sigurðssonar og Madömu Sigríðar Þorsteinsdóttur að Móeiðarhvoli, eftir Byskup sál. Steingrím Jónsson (Reykjavík 1870), bls. 33.

Stytt: *Útfararminning Madömu Ragnheiðar*, bls. 33.

Íslenskur söguatlas III. Saga samtíðar. 20. öldin. Ritstj. Árni Daniél Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (Reykjavík: Mál og menning 1993), bls. 111.

Stytt: *Íslenskur söguatlas III*, bls. 28.

Bonnie G. Smith, *The Gender of History. Men, Women, and the Historical Practice* (Cambridge Mass.: Harvard University Press 2. pr. 2000 [1998]).

Stytt: Smith, *The Gender of History*, bls. 70-102.

Alþingistíðindi 1899 A, d. 485.

Ekki stytt.

Stjórnartíðindi 1922 A, bls. 46–49 (l. nr. 33/1922).

Ekki stytt.

Þjóðólfur 29. febrúar 1856, bls. 50.

Ekki stytt.

Nokkur sýnidæmi með vísunum í óprentaðar heimildir:

Titill óprentaðra heimilda er hvorki skáletraður, undirstrikaður né í gæsalöppum. Fylgt er upprunareglu, þ.e. geta fyrst skjalavörslustofnunar (t.d. Þjóðskjalasafn Íslands) og er hún jafnan skáletruð og skammstöfuð. Síðan er tilgreint skjalasafnið sem skjalið er hluti af (Biskupsskjalasafn), deildir innan þess og einingar (t.d. bréfabók, fundargerðabók) og loks skjalið sjálft.

Athugið að eldri lokaritgerðir á Landsbókasafni eru aðeins varðveittar í prentútgáfum en yngri ritgerðir einnig rafrænt á Skemmuni. Vísa skal til veffangs ritgerða sem eru á Skemmuni.

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Sveinn Þórðarson, Upphaf vélbátaútgerðar á Íslandi. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1986, bls. 20.
Stytt: *Lbs-Hbs.* Sveinn Þórðarson, Upphaf vélbátaútgerðar, bls. 32–39.

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans? Viðhorf kvenna til jafnréttismála 1960 til 1969. MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2017, <http://hdl.handle.net/1946/27121>, bls. 36.
Stytt: *Lbs-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans, bls. 36.

BR. (Borgarskjalasafn Reykjavíkur). Skjalasafn fátækra- og framfærslufulltrúa. Þurfamannaævur. Aðfanganr. 2610, mál Fi. 395. Skýrsla um þurfalinginn Sigurlaugu Grímsdóttur, Klapparstíg 14, dagsett 2/11 1916.
Stytt: *BR.* Skjalasafn fátækra- og framfærslufulltrúa. Þurfamannaævur. Aðfanganr. 2610, mál Fi. 395.

ÞÍ. (Þjóðskjalasafn Íslands) Stj. Í. II. Db. 5 nr. 759. Verðlagsnefndin til Stjórnarráðs 1. okt. 1917.
Stytt: *ÞÍ.* Stj. Í. II. Db. 5 nr. 759. Verðlagsnefndin til Stjórnarráðs 1. okt. 1917.

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) *Lbs.* 150 8vo. (heiti heimildar, ef við á, fylgir á eftir).
Stytt: *Lbs. Lbs.* 150 8vo. (sbr. að ofan).

Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritasafn) *JS.* 567 8vo. (heiti heimildar fylgi á eftir).
Stytt: *Lbs. JS.* 567 8vo (stytt heiti heimildar).

Kgl.Bibl. Kbh. (Konungsbókhlaða í Kaupmannahöfn) Árni Daniel Júlíusson, Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i det senmiddelalderlige islandske bondesamfund. PhD-afhandling ved Københavns Universitet 1997.

Stytt: *Kgl.Bibl. Kbh.* Árni Daniel Júlíusson, Bønder i pestens tid.

Vefheimildir

Pegar vísað er til vefheimilda er meginreglan þessi: Höfundur, titill, vefheimild, dagsetning, vefslóð, dagsetning skoðunar.

- Vef. „Ættleiðingarbréf“, AM Apogr. 4531, Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík, <http://www.heimildir.is/vefur/apogr/4531>, 9. feb. 2003.
Stytt: Vef. „Ættleiðingarbréf“, AM Apogr. 4531.
- Vef. James G. Blight, The Chronicle of Higher Education. <http://chronicle.com/colloquyive/2002/10/blight/>, 5. nóv. 2002.
Stytt: Vef. James G. Blight, The Chronicle of Higher Education.
- Vef. Dalrún J. Eygerðardóttir, „Kvennaborg á fyrstu hæð“, *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands* 19. janúar 2018, <http://hugras.is/2018/01/kvennaborg-fyrstu-haed/>, 29. janúar 2018.
Stytt: Vef. Dalrún J. Eygerðardóttir, „Kvennaborg á fyrstu hæð“.
- Vef. Már Jónsson, „Hvenær byrjuðu Íslendingar að drekka kaffi?“ *Vísindavefurinn*, 31. maí 2013, <http://visindavefur.is/svar.php?id=54638>, 29. janúar 2018.
Stytt: Vef. Már Jónsson, „Hvenær byrjuðu Íslendingar að drekka kaffi?“
- Vef. Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 1. gr. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>, 18. sept. 2017.
Stytt: Vef. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 1. gr.

Algengar skammstafanir í tilvísunum í prentaðar og óprentaðar heimildir:

ÞÍ	Þjóðskjalasafn Íslands
BR.	Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Lbs.-Hbs.	Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn
Lbs.	Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritadeild
Stj. Í.	Skjalasafn Stjórnarráðs Íslands
Rtk.	Skjalasafn rentukammers
Í. stj.d.	Skjalasafn íslensku stjórnardeildarinnar
Bps.	Skjalasöfn Skálholtsbiskups, Hólabiskups og biskups yfir Íslandi öllu
Landsh.	Skjalasafn landshöfðingja
E.	Einkaskjöl
Db.	Dagbók
Hdr.	Handrit í eigu höfundar
Vef.	Vefheimild
d.	dálkur
b.	bindi

Ritstjórar Sögu, janúar 2018.